



*Mosfellsbær
framsækið samfélag
sem ræktar vilja og
virðingu*

Mosfellsbær er eftirsótt
bæjarfélag til búsetu þar
sem fjölskyldan er í
fyrirrími.

Mosfellsbær er framsækið
samfélag þar sem
ábyrgðarkennd ríkir
gagnvart náttúru og
umhverfi auk þess sem
hagkvæmni í rekstri og
samfélagsleg ábyrgð eru
ávallt höfð að leiðarljósi.

Stjórnslásla og þjónusta
Mosfellsbæjar eru skilvirk,
ábyrg, vönduð og í fremstu
röð á Íslandi.

Mosfellsbær er
eftirsóknarverður
vinnustaður hæfra
einstaklinga þar sem áhersla
er lögð á persónulega og
núttímalega þjónustu.

MOSFELLSBÆR

Starfsáætlun fyrir starfsárið 2012

Dags. 26. september 2011

Krikaskóli



MOSFELLSBÆR

HLUTVERK OG FRAMTÍÐARSÝN

STEFNA MOSFELLSBÆJAR 2008

Mosfellsbær vann að stefnumótun fyrir bæjarfélagið og stofnanir þess á árinu 2008. Bæjarstjórn samþykkti þessa stefnu á 488. fundi sínum 9. apríl, 2008. Í framhaldi af þessari stefnumótun er gert ráð fyrir að hrinda í framkvæmd einstökum þáttum í áherslum stefnu Mosfellsbæjar og gert ráð fyrir að stofnanir bæjarins geri sér starfsáætlun fyrir árið 2011 sem byggir á þeim grunni sem lagður var á árinu 2008.

Hér fylgir stefna Mosfellsbæjar eins og hún er sett fram í hlutverki, framtíðarsýn, meginstefnuáherslum og gildum.

HLUTVERK

Mosfellsbær – framsækið samfélag sem ræktar vilja og virðingu

FRAMTÍÐARSÝN

Mosfellsbær er eftirsótt bæjarfélag til búsetu þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi. Mosfellsbær er framsækið samfélag þar sem ábyrgðarkennd ríkir gagnvart náttúru og umhverfi auk

þess sem hagkvæmni í rekstri og samfélagsleg ábyrgð eru ávallt höfð að leiðarljósi. Stjórnsýsla og þjónusta Mosfellsbæjar eru skilvirk, ábyrg, vönduð og í fremstu röð á Íslandi. Mosfellsbær er eftirsóknarverður vinnustaður hæfra einstaklinga þar sem áhersla er lögð á persónulega og nútímalega þjónustu.

MEGINSTEFNUÁHERSLUR MOSFELLSBÆJAR

Meginstefnuáherslur bæjarfélagsins voru skilgreind út frá fjórum víddum:

- Fjármálum og áætlunum.
- Viðskiptavinum.
- Mannauði.
- Innri virkni og stjórnkerfi.

GILDI

- Virðing.
- Jákvæðni.
- Framsækni.
- Umhyggja.



STEFNA KRIKASKÓLA

- Að stuðla að framsæknu skólastarfi í anda hugsmíðahyggjunnar þar sem lögð er áhersla á að barnið sé virkur og skapandi þátttakandi í námi og starfi.
- Að efla og styrkja starfsfólk skólans í því að starfa eftir þeirri hugmyndafræði, að hún verði sýnilega í námi og starfi barna og fullorðna í skólasamfélaginu.
- Að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð við uppbyggingu skólans, að hlusta á raddir allra starfsmanna við skipulagningu á námi og starfi.
- Að hlusta á raddir barnanna í skólanum með það að markmiði að koma sem best til móts við óskir þeirra og væntingar ásamt því að endurmeta það starf sem fram fer í skólanum.
- Að stuðlað að því að skapa umhverfi þar sem börnum og fullorðnum líður vel, umhverfi þar sem sýnd er umhyggja, virðing og jákvæðni gagnvart sérhverri manneskju.

Hugmyndafræði Krikaskóla er í mótun og mun halda áfram að þróast á næstu árum. Byggt er að hugmyndum Bræðingshópsins ásamt Skólastefnu Mosfellsbæjar. Farið er að lögum um leik-og grunnskóla og aðalnámskrám beggja skólastiga. Skólanámskrá Krikaskóla heldur áfram að taka á sig mynd og mun hún birtast á heimasíðu skólans eftir því sem einstakir þættir líta dagsins ljós.

Skólastefna Krikaskóla leggur áherslu á heildstætt uppeldis-og skólastarf. Stefnt er að því að efla skólann sem lífandi

samfélag barna, starfsfólks og foreldra. Skóladagur barnanna skal vera heildstæður og taka mið af þörfum fjölskyldna. Þannig er samfella lykilhugtakið í skólastarfinu.

Skólinn tók til starfa sumarið 2008 í Brekkukoti í Helgafellslandi og var fyrsta starfsárið með 50 börn á leikskólaaldri. Í mars 2010 flutti skólinn síðan í Sunnukrika 1 og þá með 106 börn á leik-og grunnskólaaldri. Haustið 2010 hófst síðan skólastarfið með 162 börn á leik-og grunnskólaaldri í Sunnukrikanum. Mikið skipulagsstarf þurfti að vinna það haustið til að fá sem besta nýtingu úr skólanum og að tryggja notkun hans allan starfstímann. Haustið 2011 voru börnin orðin 182 á aldrinum 2ja til 9 ára.

Stuðla skal að öfluglu foreldrasamstarfi. Efla og þróa áfram aðkomu og hlutverk foreldra í skólastarfinu og mótun skólans. Foreldrum býðst að taka þátt í stóru og smáu innan skólans, í samvinnu og samstarfi við starfsfólk hans.

Foreldrafélag var stofnað við skólann haustið 2010 og markmiðið er að efla það og þróa áfram. Hlutverk þess er að mótast og hefðir að skapast.

Mannauðsstefna skólans skal þróuð frekar og unnið skal að ýmsum ferlum innan skólans. Verkefnalýsingar skulu allar liggja fyrir eftir árið. Lýðræðislegir starfshættir skulu þróaðir áfram og að allir séu samábyrgir fyrir umönnun og líðan barna og starfsmanna í skólanum. Mannauðsstefna Mosfellsbæjar er sá grunnur sem byggja skal á.



ÝMIS VERKEFNI ÁRSINS 2012;

Áframhaldandi mótun og þróun á innra starfi skólans. Flæði milli árganga og samstarf í teyllum innan skólans skal efla sérstaklega.

Skipulag og nýting á skólanum skal þróa áfram með jafnri skiptingu milli aldurshópa eftir þroska þeirra og þörfum.

Þróun á innra starfi skólans, hugmyndafræði hans og heimspeki með virkri þátttöku allra starfsmanna.

Fundir skulu skráðir og skipulagðir með það að markmiði að þeir séu sem markvissastir, aðgengi og ákvarðanir sýnilegar í fundargerðum. Skráning funda skal einnig innihalda sérmerktar ákvarðanir í lok skráningar.

Uppbygging sérkennslumála Krikaskóla skal þróa áfram. Teymi séu sjálfstæðar einingar og haldi utanum einstaklingsmál í sameiningu. Sérgreinakennarar komi inn með öflugum hætti þar sem það á við. Ferlar vegna hegðunarmála skulu skoðaðir sérstaklega.

Þróun og mótun á upplýsingaflæði til foreldra með nýtingu á Mentor og heimsíðu skólans fyrir alla aldurshópa.

Mótun á nýstofnuðu foreldrafélagi Krikaskóla í samvinnu foreldra og skóla. Þróun á hefðum og venjum með aðkomu foreldra.

Áframhaldandi þróun á samkomulagi við grunnskólakennara vegna 200 daga skóladagatala og þátttöku þeirra í öðrum störfum með börnum en beinni kennslu.

Þróunar- og samstarfsverkefni:

Brúum bilið fyrir 10 ára börn í samstarfi við Varmárskóla.

Útikennsla fyrir öll börn.

Stafa og hljóðakennsla fyrir 4 ára börn í leik- og hreyfingu.

Starfendarannsóknir í Krikaskóla, markmið og leiðir.

Þróun framkvæmdaráætlunar fyrir Krikaskóla.

Uppbygging á sjálfbærum hópum kennara í teyllum.

Handleiðsla fyrir leikskólakennara í samstarfi við Huldu Sólrúnu.

Uppbygging innra starfs skólans, hugmyndafræði og markvissar tengingar starfshópa í vinnufundalotu. Krikaskólaþing hluti af slíkri fundalotu.

Krikaskóli sem þróunarskóli með heimild frá Menntamálaráðuneyti til þriggja ára. Stöðumat og áfangaskýrslur.

Sumarskóli leikskólanna, mótun og þróun á fyrirkomulagi sumarþjónustu við leikskólabörn í Mosfellsbæ í samstarfi allra leikskóla og leikskóladeilda bæjarins.



Árið 2012 mun Krikaskóli áfram vinna með gildi Mosfellsbæjar. Virðingu, jákvæðni, framsækni og umhyggju. Hvetja skal börnin og starfsmenn til að tileinka sér þessa þætti í samskiptum sín á milli.

Virðingu eflum við á ýmsan hátt með markvissu innra starfi með börnunum. Hugmyndum um heimspekilega nálgun og að hlusta á raddir barna. Mannauðsstefnan vegur hér einnig þungt gagnvart öllum starfsmönnum skólans.

Jákvæðni þarf að rækta eins og aðra góða eiginleika. Það gerum við með fjölbreyttum hætti í Krikaskóla, vináttu og sveigjanleika í okkar starfi.

Framsækni er okkur ofarlega í huga í Krikaskóla og eru allar framsæknar hugmyndir okkur að skapi. Eitt af meginmarkmiðum skólans er að vera framsækinn skóli.

Umhyggjan er eitt af lykilhugtökum Krikaskóla og það er grunnurinn að mörgum okkar ákvörðunum og nálgunum í samfélaginu Krikaskóla.

Mosfellsbær 26. september 2011

Þrúður Hjelm
Skólastjóri Krikaskóla



MOSFELLSBÆR



MOSFELLSBÆR

MEGINSTEFNUÁHERSLUR - VERKEFNI ÁRSINS 2011 – MARKMIÐ

<u>Fjármál og áætlanir</u> <i>Markmið</i>	<u>Undirmarkmið</u>	<u>Helstu verkefni og leiðir á árinu 2012</u> Hér á að skrá leiðir og verkefni	<u>Mat</u> (hvað og hvernig)	<u>Mælikvarðar</u>	<u>Tímasetningar/ ábyrgðaraðili</u>
Traustur rekstur sem hefur skilvirkni og hagkvæmni að leiðarljósi.	<p>Innkaupastefna skólans í sífældri endurskoðun í ljósi breyttra aðstæðna.</p> <p>Samstarf milli stofnanna aukið með sameiginlegum innkaupum og miðlun upplýsinga.</p>	<p>Unnið skal að þróun innkaupastefnu skólans í ljósi fjölgunar barna og samsetningar barnahópsins.</p> <p>Stuðla skal að samráðsfundum matráða og miðlun upplýsinga milli stofnanna.</p> <p>Skoðað sé sameiginlegt útboð á t.d. hreinlætisvörum til leikskólanna.</p>	<p>Skipulagðir fundir 4x yfir árið með matráði og sviðstjóra.</p> <p>Tveir fundir haldnir á árinu hið minnsta.</p> <p>Framkvæmt eða ekki.</p>	<p>Allir fundir náist og verðsamanburður sé unnin.</p> <p>100% mæting frá skólunum.</p>	<p>ÁÓ/ÞH/matráður</p> <p>ÞH/ÁÓ</p>
Stofnanir hafa faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði sem byggir á ábyrgri og raunhæfri áætlanagerð.	<p>Efla skal samstarf stjórnenda og verkaskiptingu við áætlunargerð og framkvæmd.</p> <p>Fjárhagsleg stjórnun matráðs skal eflid.</p>	<p>Samráðsfundir stjórnenda skulu að hluta fjalla um fjárhag skólans. Taka skal fyrir óskir um efniskaup og fleira frá kennurum skólans.</p> <p>Matráður hafi áætlun um hvað hver máltíð má kosta að meðaltali og haldi sig innan þeirrar upphæðar.</p> <p>Matráður skal koma að yfirferð reikninga ásamt stjórnendum.</p>	<p>Fundargerðir stjórnenda skráðar. Óskir og ákvarðanir skráðar.</p>	<p>Standist fjárhagsáætlun.</p> <p>Standist fjárhagsáætlun.</p>	<p>ÞH/4 x á ári.</p> <p>ÞH/12 x yfir árið.</p>



Starfsáætlanir eru mikilvægur hlekkur í stjórnun bæjarins.	Starfsáætlanir séu virkur liður í stjórnun skólans.	Setja skal fram og kynna áætlunina fyrir foreldrum og starfsmönnum sérstaklega. Starfsfólk og foreldrar hvattir til að hafa áhrif á og koma sínum sjónarmiðum á framfæri.	Tekið til mats vor 2012 og haustið 2012	Mælikvarðar hvers liðs metnir fyrir sig.	ÞH
Virkt eftirlit er með áætlunum og framkvæmd verkefna bæjarins.	Framkvæmdaráætlun um skólastarf í Krikaskóla skal þróuð áfram árið 2012.	Innan hennar skal koma fram hvernig skólinn vill koma Skólastefnu Mosfellsbæjar til framkvæmdar. Fléttað skal saman upplýsingum úr hefðbundinni skólanámskrá og áætlun um framkvæmdir. Skólastefna Bræðingshópsins skal liggja til grundvallar ásamt þróun skólans.	Birting á heimasíðu skólans.	Lokið/ólokið	ÞH/ÁÓ/BS des 2012
Ráðstöfun verðmæta er ávallt með hagsmuni bæjarbúa að leiðarljósi.	Stuðlað skal að því að fjármagn nýtist öllum börnum í Krikaskóla.	Innkaup sem eru verkefnatengd í skólanum skulu sértaklega skráð aldurshópum þannig að hægt sé að hafa yfirsýn.	Skráning í bókhaldi með lýsandi heitum.	Standist fjárhagsáætlun	ÞH/4 x á ári
Leitað er skapandi leiða í rekstri þar sem hagkvæmni og samfélagsleg	Innkaup að hausti mótuð og foreldrafélag skólans taki yfir það hlutverk Efla skal matseðla Krikaskóla með það að markmiði auka enn á	Skólinn hefur séð um innkaup fyrir alla að hausti. Stefnt skal að því að foreldrafélag taki slíkt starf að sér. Áframhald á samstarfi við foreldra um heilsusamlegt fæði.	Birting á heimasíðu skólans, lokið/ólokið Birting á heimasíðu skólans.	Lækka kostnað foreldra, fjárhagslegir mælikvarðar. Matseðlar komnir á vefinn 20. hvers	ÁÓ/BS haust 2012 BS/mánaðarlega



og umhverfisleg ábyrgð er í heiðri höfð.	hollustu matarins.			mánaðar.	
--	--------------------	--	--	----------	--

<u>Viðskiptavinir</u> <i>Markmið</i>	<u>Undirmarkmið</u>	<u>Helstu verkefni og leiðir á árinu 2011</u> Hér á að skrá leiðir og verkefni	<u>Mat</u> (hvað og hvernig)	<u>Mælikvarðar</u>	<u>Tímasetningar/</u> <u>ábyrgðaraðili</u>
Mosfellsbær er eftirsótt bæjarfélag til búsetu þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi.	Samfella sé lykilhugtak í skipulagi og hugmyndafræði Krikaskóla. Krikaskóli sé leiðandi í samþættingu og samstarfi milli leik-, grunnskóla og frístundastarfi.	Þróun á stundaskrá og áætlunum með það að markmiði að skapa samfellu í lífi og starfi barna. Leita skal leiða til að kynna stefnu, aðferðir og leiðir í Krikaskóla á markvissan hátt. Upplýsingar séu aðgengilegar á heimasíðu skólans um nýjungar í starfi skólans.	Kannað með foreldrakönnun að vori 2012. Skráning heimsókna og markmið þeirra.	Yfir 75% foreldra mjög ánægðir eða frekar ánægðir Fjöldi skráður og mat á heimsókn 75% ánægja.	ÞH/ vor 2012 ÞH/ des 2012
Framsækið skólastarf í mennta- og menningarbæ.	Festa í sessi sveigjanleika í starfi skólans með þátttöku	Kennarateymi skólans fái tækifæri til að mótast. Þekking hópsins fái að eflast og einstaklingar nái að miðla þekkingu og reynslu sín á milli. Aukinn verði samráðstími með vinnufundum fyrir alla starfsmenn	Skráningar á fundum. Starfsmannasamtöl Vinnustaðgreining	Haldnir skulu 4 vinnufundir með markvissri dagskrá.	ÞH/ÁÓ/BS des 2012



	<p>allra starfshópa.</p> <p>Efla samstarf við Varmárskóla til hagsbóta fyrir flutning barna í 5 bekk.</p> <p>Börn séu virkir og skapandi þáttakendur í skólasamfélaginu.</p>	<p>skólans.</p> <p>Krikaskólaþing með aðkomu starfsmanna, Bræðingshópsins, fulltrúa Mosfellsbæjar og fl.</p> <p>Þróunarverkefni unnið í samstarfi kennarahópa í Varmárskóla og Krikaskóla með stuðningi stjórnenda.</p> <p>Gagnkvæmar heimsóknir og þemaverkefni fyrir 8 og 9 ára börn.</p> <p>Íþróttakennsla í samstarfi milli skólana fyrir 9 ára börn.</p> <p>Samstarf við Skólahljómsveit með tónlistarkennslu fyrir 9 ára börn í Krikaskóla.</p> <p>Börn á aldrinum 5 til 9 ára séu ánægðir með kennarann sinn.</p> <p>Þróa skal ferla fyrir erindi barna innan skólans sem gefa þeim færi á að koma málum sínum á framfæri.</p>	<p>Dagskrá þingsins</p> <p>Skýrsla skal tekin saman um verkefnið að vori 2012</p> <p>Árleg viðtöl við börnin</p> <p>Ferlar skulu liggja fyrir vorið 2012</p>	<p>Mat þátttakenda 85% ánægja</p> <p>Mat þátttakenda 85% ánægja</p> <p>90% ánægja barna með kennarann sinn.</p> <p>Erindum barna svarað innan viku.</p>	<p>ÞH</p> <p>ÞH</p> <p>ÞH/BS/ÁÓ</p> <p>BS/ÁÓ</p>
--	--	---	--	---	--



	Sérstök áhersla á þróun máls og íslenskukennslu í Krikaskóla.	Stafa og hljóðaleikir fyrir 4 ára börn í leik og hreyfingu. Efling á málörvun fyrir 2 og 3 ára börn. Samþætting íslenskukennslu fyrir 5-7 ára börn. Efling á ritun og lestri hjá 8 og 9 ára börnum.	Skýrsla og vefur um verkefnið. Áætlanir birt á heimasíðu um hvert verkefni fyrir sig.	Mat unnið af kennurum í lok skólaárs 2011-12 Námsmat og foreldraviðtöl vor og haust 2012	KE/GRE BS/ÁÓ/ÞH og kennarar viðkomandi aldurshóps.
Afbragðs starfsskilyrði til að reka umhverfisvæna atvinnustarfsemi	Efla útinám og kennslu barna í Krikaskóla enn frekar hjá öllum aldurshópum.	Útivistarsvæði og gönguleiðir í nágrenni skólans nýttar daglega. Skólalóð nýtt eins og hvert annað svæði skólans. Umhirða við lóð verði hluti af verkefnum barna og starfsmanna í skólanum. Útinám allra barna verði eft og sé hluti af dagskipulagi allra aldurshópa.	Sjá skipulag og töflu fyrir útisvæði. Verkátætlun mótuð með starfshópi Sjá nánar í verkefnaáætlun.	Endurmat unnið í lok skólaárs 2011-2012.	BS/ÁÓ
Uppbygging, nýsköpun og þróun í sátt við umhverfi og íbúa.	Gott foreldrasamstarf sem byggir á samvinnu, samstarfi og virðingu.	Skapa áfram umræðuvettvang fyrir foreldra með opnu húsi skólastjóra. Foreldrafélag skólans eft og þróað. Skólaráð taki virkan þátt í skipulagi og uppbyggingu starfsins með	Viðhorfskönnun foreldra (styttri könnun fyrir afmarkaða þætti) Foreldrakönnun (unnin í samvinnu við Skólaskrifstofu Mos 2012 Fundargerðir skólaráðs og stjórnar	Skrá mætingar foreldra. Að 10-15% foreldra komi er ásættanlegt. Ánægja foreldra sé yfir 85%. Birtast	ÞH Minnst 4x yfir árið ÞH



		börnunum. Þróun á frístundastarfi skólans í samvinnu við börn og foreldra.	foreldrafélags á heimasíðu. Mat barna á frístundastarfi skólans vor 2012 Mat foreldra á frístundastarfi skólans vor 2012	mánaðarlega Yfir 75% mjög ánægðir eða frekar ánægðir	ÞH/BS ÞH/BS/ÁÓ
Sjónarmið íbúa og fyrirtækja eru virt með virku samráði og hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.					
Útivistabær sem býður upp á fjölbreytt og kraftmikið tómstunda- og íþróttastarf í fallegu umhverfi.					



<u>Mannauður</u> Markmið	<u>Undirmarkmið</u>	<u>Helstu verkefni og leiðir á árinu</u> <u>2011</u> Hér á að skrá leiðir og verkefni	<u>Mat</u> (hvað og hvernig)	<u>Mælikvarðar</u>	<u>Tímasetningar/</u> <u>ábyrgðaraðili</u>
Mosfellsbær er eftirsóttur vinnustaður sem ræktar þekkingu og færni starfsmanna.	Innleiðing á starfsmannastefnu skólans skal haldið áfram.	Horfa skal til starfsmannastefnu Mosfellsbæjar í því tilliti. Samskipti og samstarf við mannauðsstjóra skulu eflid.	Starfsmannahandbók birt á heimasíðu. Verklagsreglur varðandi einstök mál starfsmanna og meðferð þeirra.	Lokið/ólókið	ÞH/ÁÓ Haust 2012
	Auka skal fræðslu til starfsmanna um innra starf og leiðir Krikaskóla í ljósi hugmyndafræði hans. Starfendarannsóknir í Krikaskóla skal efla og setja í forgrunn með áherslu á skóla- og starfsþróun hvers og eins kennara.	Fundi, /skipulagsdaga, starfendarannsóknir og endurmenntun skal nýta til eflingar og uppbygginga á innra starfi og ferlum skólans. Fengnir skulu utanaðkomandi aðilar til námskeiðahalds ásamt nýtingu á mannauði Mosfellsbæjar. Námskeið um starfendarannsóknir fyrir kennara Krikaskóla. Efla þarf þáttinn í starfi leikskólakennara og ákveða framkvæmd. Móta skal áfram skil og miðlun starfendarannsóknna til annarra í skólasamfélaginu.	Mat starfsmanna á fyrirlestur, námskeiðum eða smiðjum. Námskeið haldið/ekki haldið. Mótuð stefna m.a. út frá afleysingu. Áætlun birt á innra dagatali skólans.	75 % ánægðir eða mjög ánægðir með dagkrá hverju sinni. 90% mæting kennara Sjá fjárhagsáætlun 85% rannsókna klárist á skólaárinu.	ÞH/ÁÓ/BS skv. skóladagatali og innra dagatali skólans. ÞH/ÁÓ/BS jan 2012 ÞH/vor 2012 ÞH/sjá innra dagatal skólans.



<p>Starfsumhverfi Mosfellsbæjar leggur grunn að samkeppnishæfni bæjarfélagsins á vinnumarkaði.</p>	<p>Kynna stefnu og starfsemi Krikaskóla út á við.</p> <p>Vinna skal að jöfnuði fyrir leik-og grunnskólakennara í Krikaskóla.</p> <p>Stofna skal handleiðsluhóp fyrir leikskólakennara og deildarstjóra í Krikaskóla.</p>	<p>Móta skal áætlun um heimsóknir – fræðslu sem Krikaskóli veitir fyrir ýmsa hópa.</p> <p>Þróa skal hugmyndir sem taka mið af kennarahópum og jöfnun á störfum starfsstétta í Krikaskóla.</p> <p>Huga skal að uppbyggingu á leikskólastarfi í Krikaskóla í ljósi álags og nýrra áherslna í leikskólastarfi.</p> <p>Skoða skal sýn leikskólakennara til starfsins og hugmyndafræði Krikaskóla.</p> <p>Finna skal leiðir fyrir faglegan metnað leikskólakennara og efla gæði.</p>	<p>Áætlun lögð fram.</p> <p>Skráning á öllum heimsóknum og fyrirlestrum.</p> <p>Taka skal saman þróun fyrir skólaárið 2011-2012 og gera verkáætlun.</p> <p>Taka skal saman upplýsingar úr starfsþróunarsamtölum</p> <p>Áætlun standist í samstarfi við HSG og SI eftir þörfum.</p>	<p>Mat á heimsókn frá gestum skólans.</p> <p>Birta skal tölur árlega.</p> <p>75% ánægðir með þróun skólans í jafnræðisátt milli leik-og grunnskólakennara.</p> <p>75% ánægðir með handleiðsluna</p>	<p>ÞH</p> <p>Júní 2012</p> <p>ÞH/ með aðstoð SI og HSG</p> <p>ÞH/ með aðstoð SI og HSG</p>
<p>Virðing og samheldni eru sköpuð í jákvæðu starfsumhverfi.</p>	<p>Efla jákvæðan starfsanda og samstöðu starfsfólks.</p>	<p>Starfsmannafélag –skemmtinefnd skólans efla og hlutverk mótað.</p> <p>Starfsmannahaldbók kláruð og birt á heimasíðu skólans.</p>	<p>Viðhorfskönnun og starfsmannasamtöl.</p> <p>Birting á heimasíðu</p>	<p>Mæting starfsmanna í jólagleði/vorfagnað 90%</p>	<p>ÞH/Apríl 2012</p> <p>ÁÓ/BS júní 2012</p>



<p>Starfsmanna stefna er sveigjanleg og fjölskylduvæn.</p>	<p>Setja fram fjarvistarstefnu skólans í tengslum við stefnu Mosfellsbæjar.</p> <p>Efla skal ábyrgð starfsmanna á eigin líðan og ákvörðunum sem hafa áhrif á störf þeirra</p>	<p>Vinna skal með það að leiðarljósi að öll börn séu mikilvæg, líka starfsmannabörn.</p> <p>Setja skal mörk vegna sveigjaleika og vinna í samvinnu við starfshópinn, t.d. varðandi starfsmannabörn. Birta skal grunnreglur um sveigjanleika í starfsmannahandbók.</p> <p>Skólinn skal vinna áfram að þróun starfshátta sem efla starfsfólk í að taka ábyrgð á lífi sínu og starfi. Viðbrög og viðurlög skulu fyrirfram skýr og öllum sýnileg.</p>	<p>Starfsmannasamtöl</p> <p>Skráning á fjölda daga sem starfsmenn taka með börn í vinnu sem ekki eru í Krikaskóla.</p> <p>Starfsmannasamtöl</p>	<p>Timon-skráninga skulu metnar milli mánaða og skýringar skoðaðar.</p> <p>Skráningar metnar út frá fjölda og aldri barna hjá hverjum starfsmanni.</p>	<p>4x á ári skal birta og ræða við þá sem eru í vanda.</p> <p>ÞH/ÁÓ/BS</p>
<p>Örvandi starfsumhverfi þar sem metnaður hvers og eins fær notið sín.</p>	<p>Krikaskólaþing skal haldið á vordögum til að fá fram markmið í fortíð, nútíð og framtíð fyrir skólasamfélagið.</p>	<p>Fá skal fulltrúa allra aðila sem komu að mótun, ákvörðunum og þróun Krikaskóla í upphafi hans, ásamt þeim starfshópi sem nú vinnur við framkvæmd verkefnisins.</p>	<p>Mat þátttakenda á þinginu.</p>	<p>Yfir 75% ánægðir eða mjög ánægðir með þingið.</p>	<p>ÞH/maí-júní 2012</p>



Innri virkni og stjórnkerfi Markmið	Undirmarkmið	Helstu verkefni og leiðir á árinu 2011 Hér á að skrá leiðir og verkefni	Mat hvað og hvernig)	Mælikvarðar	Tímasetningar/ ábyrgðaraðili
Stjórnsýsla Mosfellsbæjar er í fremstu röð þar sem skilvirk, ábyrg og vönduð vinnubrögð eru viðhöfð	Að efla samstarf og samvinnu við Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar og nýta þann mannauð sem þar er til staðar.	Að koma á virku samstarfi milli kennsluráðgjafa skólaskrifstofu og Krikaskóla. Efla verkferla skólasálfræðings innan Krikaskóla með skýrum hætti í samstarfi við kennarateymi Krikaskóla.	Mál eru metin 2x á ári í samstarfi sérfræðinga skólaskrifstofu og skólastjórnenda. Skráð séu ferli hvers máls, móttaka og áætlun um framkvæmd.	Ársskýrslur og mat á hverju máli fyrir sig Erindi komist til afgreiðslu innan 4-6 vikna frá móttöku þeirra í skólanum.	ÞH vor og haust 2012 ÞH/BS/ÁÓ
Persónuleg og nútímaleg þjónusta sem byggir á fagmennsku	Samskipti við foreldra séu heiðarleg og hreinskiptin með það að markmiði að skapa vinsamlegt andrúmsloft.	Að aðgengi milli foreldra og kennara í Krikaskóla séu eðlilegur hluti af skólastarfinu. Foreldrar séu ávalt velkomnir í Krikaskóla en einnig séu sérstök boð að okkar frumkvæði.	Foreldrakönnun og fundargerðir skólaráðs og foreldrafélags. Skráð þátttaka foreldra á kynningarfundum og öðrum sérstökum viðburðum.	Erindum foreldra svarað innan viku. 25% þátttaka foreldra í þeð minnsta.	BS/ÁÓ/ÞH ÞH/BS/ÁÓ
Lýðræðisleg og sanngjörn málsmeðferð.	Starfsfólk Krikaskóla og foreldrar geti treyst á upplýsingagjöf og sanngjarna málsmeðferð sem taki mið af lögum og reglum.	Unnið sé fljótt og örugglega úr þeim málum sem upp koma og skýrt sé hver sé að sinna þeim innan skólans. Hvetja skal til þess að foreldrar snúi sér fyrst til umsjónakennara, síðan sviðstjóra og að lokum til skólastjóra. Leið foreldra að Skólaskrifstofu skal einnig vera greið ef svör fást ekki í	Svör í tölvupósti og íbúagátt séu send innan viku. Fundir séu bókaðir eftir þörfum og haldin skrá yfir erindi foreldra í skólann.	Foreldrakönnun – viðhorfskönnun og eftirfylgni með heimasíðu.	ÞH



	Barnahópurinn geti komið með kröfur eða óskir sem teknar eru fyrir eftir eðli mála hverju sinni.	skólanum eða foreldrar sætta sig ekki við svör skólans., Tekið sé vel á móti börnum með sín erindi og þau sett í lýðræðislegt ferli. Úrlausnum mála sem snúa að börnum sé hraðað þar sem aldur og þroski býður ekki upp á langa málsmeðferð.	Haldið sé utanum óskir barnanna og ferli skráð til utanumhalds.	Erindum barna sé sinnt 100% og engin formleg erindi nái ekki afgreiðslu.	ÁÓ/BS/ÞH
Mosfellsbær er leiðandi í rafrænni stjórnarsýslu, með stuttan afgangstíma erinda og gott aðgengi að þjónustu.	Virkja þá miðla og „kerfi“ sem bæta samskipti skóla og heimila.	Efla virkni heimasíðunnar og aðgang og samskipti í gegnum Mentor. Forgangsmál að þróa heimasíðu skólans þannig að hún þjóni skólanum og þeim sem leita upplýsinga.	Fylgjast með ferðum á heimsíðu skólans. Hvað er mest notað og hvað síst. Leggja áherslu á það sem mest er nýtt	Setja upp talningu á heimsóknum	ÞH/BS



REKSTUR OG LYKILTÖLUR

Hér er hugmynd að lykiltölum fyrir stofnanir

Rekstur:	Ársreikningur 2008	Ársreikningur 2009 (áætlun)	Raun 2010	Áætlun 2011
Tekjur	1.088.858	18.623.280	29.919.026	44.561.765
Laun og launatengd gjöld		69.995.857	109.766.043	154.746.574
Annar rekstrarkostnaður		19.223.247	39.923.597	23.927.709
Húsaleiga				65.813.304
Samtals		70.596.824	119.770.614	199.925.822
Lykiltölur:				
Fjöldi starfsmanna	16	16/28	29	42 (1.10.11)
Stöðugildi	16,75	16,75/	26,9	38,33
<ul style="list-style-type: none"> Stöðugildi leikskólakennara 			3,8 (4 kennarar)	5,8 (8 kennarar)
<ul style="list-style-type: none"> Stöðugildi grunnskólakennara 			5,0 til júlí 6,5 frá ágúst	5,3 til júlí 8,3 frá ágúst
<ul style="list-style-type: none"> Stöðugildi annað uppeldismenntað fólk 			2,75 (3 kennarar)	4,35 (5 kennarar)



• Stöðugildi starfsmanna			8,85	14,13
• Stöðugildi eldhús, þrif og skrifstofa			3	3,75
• Stöðugildi stjórnun			2	2
Fjöldi barna	45	106	162	182
• 6-9 ára		26	58	82
• 2-5 ára		80	104	100

